

Ed.

260. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem flutt er eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, fer fram á að sá tími, sem ætlaður er til að semja ellistyrktarsjóðsskrá fyrir bæinn, sje lengdur um 1 mánuð.

Þótt það geti verið álitamál, hvort jafnmikil þörf sje fyrir þessa breyting, ef samskonar breyting og háttv. deild hefir nýlega samþykkt á lögum um alþingiskosningar, gengur fram, sjer nefndin ekkert því til fyrirstöðu að verða við umgetnum tilmælum bæjarstjórnar, en vill þá, að þessi rýmkun tímans til að semja skrárnar nái jafnt til allra.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Skrár yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Kærufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtumanni fyrir 15. maí ár hvert.

Alþingi, 30. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson,
frsm.